

Reykjavík, 21. janúar 2025

Borgarstjórn

Efni: Beiðni um tímabundna lausn frá störfum.

Með vísan til 2. mgr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 óskar undirritaður borgarfulltrúi, Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, eftir því að borgarstjórn veiti sér tímabundna lausn frá störfum sínum í borgarstjórn frá 21. janúar 2025 til 18. febrúar 2025.

Undirrituð var kjörin til setu á Alþingi þann 30. nóvember sl. en í ljósi þess að undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kosninga hefur verið skipuð en ekki skilað niðurstöðu er nú óskað tímabundinnar lausnar til 18. febrúar nk. Gert er ráð fyrir því að óskað verði lausnar til loka kjörtímabilsins um leið og niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir, kosningarnar hafa verið lýstar löglegar og þing hefur verið sett.



Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir, borgarfulltrúi